

Upplýsingar til foreldra um tilkynningarskyldu þeirra sem afskipti hafa af börnum.

“Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. [...]. Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framur ákvæðum laga eða siðareglum um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta” Barnaverndarlög nr. 80/2002 17. gr.

Með þessum verklagsreglum er gert ráð fyrir að starfsmenn leik-, grunn- og framhaldsskóla meti hvort ástand, líðan eða umönnun barns sé þannig háttað að tilkynna eigi um það til barnaverndarnefndar þar sem barnið býr. Tilkynna skal um grun, ekki aðeins staðfestar sannanir.

Samskipti við foreldra Að jafnaði skal láta foreldra vita af tilkynningunni og gera þeim grein fyrir að starfsmenn skóla séu að fylgja lagaskyldu um að tilkynna grun um vanrækslu eða ofbeldi til barnaverndarnefndar. Í samtali við foreldra þarf að koma fram að málið snúist um velferð barnsins og stuðning við það og fjölskyldu þess fremur en ásökun í þeirra garð og að markmiðið sé að leita lausna og veita viðeigandi stuðning.

Barnaverndarmál eru flokkuð í fimm þætti, vanrækslu, andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi og áhættu hegðun barns. Mörkin milli flokka geta verið óljós, hafa ber í huga að oft getur verið um að ræða mörg tilvik sem vekja áhyggjur starfsmanns. Eftirfarandi lýsingu á flokkunum má hafa til hliðsjónar, en hún er ekki tæmandi.

Vanræksla getur verið bæði andleg og líkamleg og felur í sér að barn fái ekki þá umönnun og aðbúnað sem því er nauðsynlegt og sem hefur leitt til skaða á þroska þess eða er líklegt til þess. Vanræksla getur hafist strax á fósturstigi

Andlegt ofbeldi er oft erfitt að greina en það getur engu að síður haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir barnið. Það felur í sér að foreldrar eða aðrir umönnunaraðilar sýna barninu viðvarandi neikvætt viðhorf og neikvæðar tilfinningar sem eyðileggur eða hindrar þróun jákvæðrar ímyndar barnsins.

Líkamlegt ofbeldi er ofbeldi sem beint er að börnum og hefur leitt til að barnið skaðist eða er líklegt til þess. Barnið getur borið merki ofbeldisins eins og t.d. marbletti, brunasár eða beinbrot sem barnið og/eða foreldrar reyna að fela eða eiga erfitt með að útskýra eða ef útskýring verður ótrúverðug. **Kynferðislegt ofbeldi** gagnvart barni felur í sér: - kynferðislega athöfn gagnvart barni eða með barni innan 15 ára aldurs með eða án vilja barnsins - kynferðislega athöfn gagnvart eða með barni 15 ára eða eldra án vilja barnsins.

Áhættu hegðun barns felur í sér að barn hegðar sér á einhvern hátt sem hefur skaðað eða er líklegt til að skaða heilsu þess og þroska

Nánari upplýsingar um verklagsreglur skólafólks má finna á slóðinni:

<http://bvs.is/?m=1&ser=122>